Hagtíðindi
Statistical Series

Greinargerðir
Working papers

5. apríl 2019

Opinber launatölfræði 2018

Hagstofa Íslands

Abstract

This working paper is a review report of public wage statistics by Statistics Iceland detailing legal basis and obligations, data and methods use and statistical output on Statistics Iceland website. This report was originally published as an annex to a report by a committee working on Wage Statistics which was published by the Prime Minister's Office in January 2018[1].

Statistics Iceland believes this summary could be useful for a wider public, hence this working paper has been composed and published in order to better serve users of wage statistics with information on data, processes, methods and statistical outputs.

Wage statistics are based on two main pillars; the Icelandic Survey on Wages, Earnings and Labour Costs and administrative tax records. A variety of data are also used in order to provide detailed information on wages and labour costs by diverse background factors, e.g. sex, occupation, economic area, education and age.

Since Iceland is a part of the European Statistical System all legal obligations regarding wage statistics have been implemented. Statistics Iceland calculates a monthly Wage Price Index on the basis of a national legal act. Furthermore, Statistics Iceland has a longstanding obligation to provide individuals, companies and labour market social partners with quality wage statistics.

[1] https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=40395405-2616-11e9-942f-005056bc4d74

Efnisyfirlit

Abstract 2
Efnisyfirlit 3
1. Inngangur 4
2. Alþjóðlegar skuldbindingar í opinberri launatölfræði 4
2.1 Evrópskar reglugerðir um launatölfræði 4
2.2 Önnur launatölfræði á Evrópska efnahagssvæðinu 5
2.3 Evrópsk tölfræði sem inniheldur mat á launum 5
2.4 Alþjóðastofnanir aðrar en Eurostat 5
3. Gögn sem notuð eru í opinberri launatölfræði 6
3.1 Skattagögn – Staðgreiðslugögn 6
3.2 Launarannsókn Hagstofunnar 11
3.3 Skattagögn – Framtöl 22
3.4 Lögskráningagögn 24
3.5 Menntaupplýsingar 24
3.6 Aðrar heimildir 25
4. Helstu útgáfur í opinberri launatölfræði 25
4.1 Úrtaksrammi launarannsóknar og vogir 26
4.2 Tölfræði um meðallaun 28
4.3 Tölfræði um launaþróun 30
4.4 Tölfræði um launakostnað 34
Viðauki - Evrópskar reglugerðir í launatölfræði sem eru í gildi 37

1. Inngangur

Greinagerð þessi er samantekt á upplýsingum sem Hagstofa Íslands vann fyrir nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiuppýsinga sem skipuð var af forsætisráðherra í janúar 2018. Nefndinni var meðal annars ætlað að skoða aðferðafræði við útreikninga á launatölfræði, alþjóðlega launatölfræði og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands auk þess að gera tillögur til umbóta á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga. Hagstofan tók í því skyni saman upplýsingar um opinbera launatölfræði eins og hún var árið 2018. Upplýsingarnar voru fyrst birtar í viðauka skýrslu nefndarinnar *Launatölfræði á Íslandi*[2] sem gefin var út 1. febrúar 2018.

Meðfylgjandi samantekt er stöðutaka á launatölfræðinni árið 2018 og er það von Hagstofunnar að hún komi notendum að gagni. Rétt er að benda á að stöðutaka eins og þessi getur breyst vegna framþróunar verkefna, svo sem umbætur á gögnum, aðferðum og breytingum á útgáfum.

Greinagerðin skiptist í þrjá kafla. Fyrst er gerð grein fyrir alþjóðlegum skuldbindingum í opinberri launatölfræði, því næst er fjallað um þau gögn sem notuð eru í útgáfu opinberrar launatölfræði og loks er greint frá helstu útgáfum í launatölfræði.

2. Alþjóðlegar skuldbindingar í opinberri launatölfræði

Alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er varða launatölfræði má skipta í fjóra flokka. Fyrst ber að nefna launatölfræði sem byggir á reglugerðum um launatölfræði sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) í samræmi við EES samninginn enda er opinber hagskýrslugerð hluti af honum. Því næst má nefna aðra EES tölfræði um laun sem reist er á svokölluðu „heiðursmannasamkomulagi“ og tölfræði sem inniheldur mat á launum. Að lokum má geta gagnaskila til annarra alþjóðastofnana eins og til dæmis Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Nánar er gerð grein fyrir reglugerðum í viðauka 1.

2.1 Evrópskar reglugerðir um launatölfræði

Á Evrópska efnahagssvæðinu eru í gildi reglugerðir um eftirfarandi þætti opinberrar launatölfræði:

a) Rannsókn á samsetningu launa (Structure of Earnings Survey, SES) er framkvæmd á fjögurra ára fresti, síðasta viðmiðunarár var 2014 og það næsta er 2018 sem verður skilað um mitt ár 2020. Skilað er ópersónugreinanlegum örgögnum með ýmsum bakgrunnsbreytum (s.s. kyn, menntun og starf) ásamt samsetningu launa (án óreglulegra greiðslna), miðað er við óktóbermánuð viðmiðunarárs (s.s. greiðslur vegna vakta og

[2] https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=40395405-2616-11e9-942f-005056bc4d74

yfirvinnu) og fjölda greiddra stunda. Að lokum er skilað heildarlaunum viðkomandi á árinu til að hægt sé að meta ýmsar óreglulegar greiðslur.

b) Rannsókn á launakostnaði (Labour Cost Survey, LCS) er framkvæmd á fjögurra ára fresti, síðasta viðmiðunarár var 2016 og var gögnum skilað um mitt ár 2018. Næsta viðmiðunarár verður 2020. Skilað er upplýsingum niður á atvinnugreinadeildir um launakostnað. Samsetning launakostnaðarins er greind nánar og til dæmis er lagt mat á hlutfall veikinda og bornar saman greiddar stundir og unnar stundir.

c) Launakostnaðarvísitala (Labour Cost Index, LCI) sem skila á ársfjórðungslega. Skilað er þremur aðalvísitölum (mismunandi hlutar launakostnaðar) eftir atvinnugreinum; heildarlaun (WAG), heildarlaunakostnaður (TOT) og annar launakostnaður en heildarlaun (OTH). Grunnur LCI byggir á LCS rannsókninni og eru grunnskipti gerð í kjölfar framkvæmdar á LCS miðað við skilaár.

2.2 Önnur launatölfræði á Evrópska efnahagssvæðinu

Á Evrópska efnahagssvæðinu er einnig framkvæmd launatölfræði sem byggir á svokölluðu heiðursmannasamkomulagi (Gentlemen‘s Agreement).

a) Óleiðréttur launamunur (Unadjusted Gender Pay Gap, GPG) sem skilað er árlega. Reiknaður er munur á launum karla og kvenna fyrir greidda stund. Byggir á SES rannsókninni og er matið bráðabirgðamat þangað til að niðurstöður SES rannsóknar liggja fyrir.

b) Mat á verði unninnar stundar í krónum (Labour Cost Levels, LCL) sem skilað er árlega. Ef lönd skila ekki inn mati þá notar Eurostat nýjustu upplýsingar úr Labour Cost Survey og framreiknar með launakostnaðarvísitölunni (LCI).

2.3 Evrópsk tölfræði sem inniheldur mat á launum

Ýmsar tölfræðireglugerðir sem eru í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu taka einnig til launatölfræði að hluta. Útreikningur jafnvirðisgilda (Purchasing Power Parities, PPP) byggir á ýmsum gögnum, þar með talið eru upplýsingar um:

a) Launakostnað í byggingariðnaði

b) Laun opinberra starfsmanna

2.4 Alþjóðastofnanir aðrar en Eurostat

a) Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO) safnar gögnum í tvær útgáfur. Annars vegar er árleg fyrirspurn þar sem safnað er meðallaunum í atvinnugreinum og starfsstéttum og hins vegar er safnað gögnum annað hvort ár vegna „Global Wage Report“. Þar er þó eingöngu safnað heildartölum.

b) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og framkvæmdaskrifstofa mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar (EACEA) safna árlega upplýsingum um laun kennara. Fyrirspurnin er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

c) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) safnar árlega upplýsingum um laun „meðal launþegans“ (average worker). Fyrirspurnin er á ábyrgð fjármála- og efahagsráðuneytisins.

d) Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) safnar árlega upplýsingum um laun karla og kvenna.

3. Gögn sem notuð eru í opinberri launatölfræði

Hagstofa Íslands nýtir fjölbreytt gögn við gerð opinberrar launatölfræði. Helsta heimildin er launarannsókn Hagstofunnar en aðrar heimildir eru einnig nýttar. Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 ber Hagstofunni að hagnýta stjórnsýslugögn sé þess kostur. Hagstofan nýtir í því samhengi skattagögn með fjölbreyttum hætti. Til samræmis við reglur Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna fer úrvinnsla gagna ekki fram á kennitölum heldur öðru órekjanlegu auðkenni.

Hér verður gerð grein fyrir helstu gögnum sem notuð eru í launatölfræðinni.

3.1 Skattagögn – Staðgreiðslugögn

Staðgreiðslugögn eru gríðarlega mikilvæg í launatölfræði. Þau eru notuð við gerð úrtaksramma launarannsóknar Hagstofunnar og við gerð árlegra voga sem eru notaðar til þess að vega úrtaksgögn svo þau endurspegli samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni. Staðgreiðslugögn eru einnig notuð sem grundvöllur tölfræði við útreikning á vísitölu heildarlauna, launakostnaðar og launakostnaðarvísitölu. Í þeim afurðum eru gögn úr ýmsum öðrum heimildum, til dæmis launarannsókn og vinnumarkaðsrannsókn, notuð til að meta hlutfallslegar stærðir sem eru heimfærðar á allt þýðið samkvæmt skráargögnum.

Staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra er stjórnsýsluskrá sem byggir á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987[3]. Skráin inniheldur upplýsingar um staðgreiðsluskyldar greiðslur niður á greiðanda og viðtakanda[4].

3.1.1 Lýsing á staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra

3.1.1.1 Upplýsingar í skilagreinum staðgreiðslu

Upplýsingar sem greiðendur skila í skilagreinum til ríkisskattstjóra má finna hér: https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/stadgreidsla-vefthjonusta/nr/215 .

[3] https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
[4] https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/stadgreidsla/2018

Um er að ræða skilagrein sem inniheldur m.a. samtölur fyrir staðgreiðslu, tryggingagjald, laun og reiknað endurgjald fyrir alla greiðendur staðgreiðsluskyldra greiðslna og einyrkja. Þeir greiðendur sem eru að greiða öðrum aðila greiðslur (hvort sem það eru launagreiðslur eða aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur) þurfa jafnframt að skila mánaðarlega sundurliðuðum greiðslum niður á þá aðila og í þeirri sundurliðun á m.a. að koma fram upphæð greiðslu, upphæð í lífeyrissjóð, atvinnugrein, starfaflokkun og starfshlutfall.

Hagstofan fær stærstan hluta af upplýsingum úr skilagrein staðgreiðslu og nýtir þær við ýmsa hagskýrslugerð. Ennþá vantar upplýsingar um tekjuupphæð reiknaðs endurgjalds en unnið er að því að geta nýtt allar upplýsingar úr skilagrein.

3.1.1.2 Staðgreiðsluskyldar greiðslur

Í 5. grein laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 eru staðgreiðsluskyldar greiðslur skilgreindar. Þar kemur meðal annars fram að til staðgreiðsluskyldra greiðslna teljast hvers konar endurgjald fyrir vinnu, starf eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Til dæmis biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Einnig endurgjald einstaklings, maka og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila. Trygginga- og skaðabætur, styrkir, bótagreiðslur og skattskyldir vinningar geta einnig talist til staðgreiðsluskyldna greiðslna.

Reglugerð 591/1987[5] fjallar um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Dæmi um greiðslur sem falla utan staðgreiðslu er einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té, ýmsar launagreiðslur sem tengjast ekki atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda eins og greiðslur fyrir hús- og heimilishjálp sem ekki fara fram úr 300.000 kr. samtals á ári (miðað við 2018). Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 600.000 kr. samtals á ári (miðað við 2018), starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrki stéttarfélaga, ákveðna tegund ökutækjastyrkja skv. 3. grein reglugerðarinnar og þá dagpeninga vegna ferðalaga sem skilgreindir eru í 6. grein reglugerðar.

3.1.1.3 Hverjir skila upplýsingum og hvenær

Þeir sem þurfa að skila inn upplýsingum til ríkisskattstjóra um staðgreiðslu og opinber gjöld eru allir þeir sem teljast greiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda[6]. Einyrkjar eiga einnig að skila staðgreiðslu opinberra gjalda af reiknuðu endurgjaldi á sama hátt og af öðrum launagreiðslum, mánaðarlega. Hins vegar ef reiknað endurgjald er það lágt að staðgreiðsla verður engin á árinu er heimilt að skila árlega. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfsemi undir 450 þúsund krónum á ári (miðað við 2018) þá fellur það utan staðgreiðslu.

---

[5] https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=591.1987.0
[6] https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/stadgreidsla/2018

Greiðendur staðgreiðsluskyldra greiðslna eiga að skila inn skilagrein til ríkisskattstjóra mánaðarlega og greiða kröfu fyrir lok dags 15. hvers mánaðar fyrir viðmiðunarmánuð næstliðins mánaðar. Skilagreinar mynda staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra.

3.1.2 Staðgreiðslugögn til hagskýrslugerðar

Hagstofan sækir gögn úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra daglega með vefskilakerfi. Grunngögn staðgreiðslu er ekki hægt að nota í launatölfræði óbreytt. Ástæður þess eru nokkrar. Í fyrsta lagi er ekki greint í gögnum á milli launagreiðslna og annarra staðgreiðsluskyldra greiðslna. Í öðru lagi þá geta verið mýmargar leiðréttingar á gögnum jafnvel mörg ár aftur í tímann sem erfitt er að henda reiður á. Í þriðja lagi eru mikilvægar skráningarupplýsingar af lélegum gæðum eða vantar, eins og atvinnugrein, starfaflokkun og starfshlutfall. Því eru upphafleg staðgreiðslugögn auðguð svo hægt sé að nota þau til hagskýrslugerðar.

3.1.2.1 Úrvinnslukerfi

Grunngögn staðgreiðslu mynda gríðarlega stórt gagnasafn en árið 2017 voru grunngögn (sundurliðuð) tæplega 5 milljón færslur sem gera að meðaltali rúmlega 400 þúsund færslur á mánuði. Vegna stærðar gagnasafnsins, og vegna þeirra ágalla sem nefndir voru áðan, hefur Hagstofan smíðað umfangsmikið úrvinnslukerfi til að gera gögnin hæf til hagskýrslugerðar. Mánaðarlega, eða í kringum 20. hvers mánaðar, eru gögn unnin og þau gerð tilbúin til hagskýrslugerðar.

Stærstu aðgerðir í úrvinnslukerfinu eru:

Færslur sameinaðar: Um er að ræða sameiningar vegna leiðréttingarfærslna eða ef ólík atriði koma í nokkrum færslum hjá einstaklingi á sama tímabili.

Færslur merktar: Hver einasta færsla er merkt á grundvelli þess um hvers konar greiðslu er að ræða. Notast er við ýmsar heimildir og sérstakar reglur til að merkja tegund greiðslna. Mesta áherslan er lögð á að skipta greiðslum í launagreiðslur og aðrar greiðslur, en öðrum greiðslum er þó ítarlegra skipt og má þar nefna greiðslur í fæðingarorlofi, styrkir verkalýðsfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, greiðslur vegna eftirlauna, bætur frá tryggingastofnun og atvinnuleysisbætur. Mesta áskorunin er að merkja greiðslur hjá launagreiðanda sem greiðir bæði laun og aðrar greiðslur, eins og algengt er hjá til dæmis sveitarfélögum, lífeyrissjóðum, og verkalýðsfélögum. Árlega eru gögn keyrð saman við skattframtöl einstaklinga og launamiðagögn til að sannreyna merkingar greiðslna. Þá hefur komið í ljós að merkingar færslna eru réttar í yfir 99% tilfella.

Skráningarupplýsingar auðgaðar: Aðaláherslan hingað til hefur verið á auðgun atvinnugreina-flokkun sem er af slæmum gæðum í staðgreiðslugögnum. Atvinnugreinanúmer er sótt í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar sem inniheldur aðalatvinnugreinanúmer lögaðila. Fyrir deildaskipt fyrirtæki er notast við aðrar heimildir eins og launarannsókn, starfsmenn í grunn- og leikskólum, lögskráningargögn og upplýsingar um lögaðila sem eru bæði í fiskvinnslu og

útgerð. Fyrirvari er því við atvinnugreinaflokkun deildaskiptra rekstrareininga, sérstaklega sveitarfélaga.

Úrvinnslukerfið er þannig uppbyggt að allar reglur og auðgun með öðrum heimildum grundvallast á stoðtöflum sem innihalda gagnasöfn sem eru sótt sjálfvirkt eða viðhaldið af ábyrgðarmanni gagna. Lagt var upp með mikla sjálfvirkni og hagkvæmni við smíði á úrvinnslukerfi og því tekur ekki langan tíma að uppfæra gögnin mánaðarlega. Til að tryggja að ekkert hafi farið úrskeiðis er mánaðarlega framkvæmd öflug gæðaprófun.

3.1.2.2 Færslulýsing staðgreiðslugagna

Færslulýsing staðgreiðslugagna til hagskýrslugerðar má finna í töflu 1. Taflan byggir á sundurliðun í skilagrein staðgreiðslu.

Tafla 1. Færslulýsing – staðgreiðslugögn til hagskýrslugerðar

Breyta	Skýring
Ár	
Mánuður	
Auðkenni greiðanda	
Auðkenni einstaklings sem fær greiðslu	
Heildargreiðslur (staðgreiðsluskyldar greiðslur + dagpeningar + ökutækjastyrkir)	Sjá nánari útlistun í lögum. https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
Staðgreiðsluskyldar greiðslur	Sjá nánari útlistun í lögum. https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	Sjá nánari útlistun í lögum. https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
Staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur	Sjá nánari útlistun í lögum. https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
Frádráttur launamanns í lífeyrissjóð	Breyta sem er notuð sem hjálpargagn við að setja tegundir greiðslu í úrvinnslukerfi. Breytan óáreiðanleg og innheldur oft ekki gildi. Sérstaklega í eldri gögnum.
Frádráttur launamanns í séreignasjóð / útborgun séreignalífeyrissjóða	Breyta er notuð sem hjálpargagn við að setja tegundir greiðslu í úrvinnslukerfi. Breytan á að sýna upphæð sem nemur frádrætti launamanns vegna séreignasparnaðar en sýnir oft sérstaka útborgun á séreignasparnaði. Frádráttur launamanns vegna séreignar kemur í flestum tilfellum með breytunni frádráttur launamanns í lífeyrissjóð.
Atvinnugrein skv. skilagrein	Gæði ekki góð. Stór hluti færslna ekki með gildi eða ólöglegt gildi.
Ístarf skv. skilagrein	Gæði ekki góð. Stór hluti færslna ekki með gildi eða ólöglegt gildi.
Starfshlutfall skv. skilagrein	Gæði ekki góð. Fyrirtæki á almennum vinnumarkaði eru oftast ekki að nota þessa breytu. Vantar skráningu á um helming færslna og tæplega 90% þeirra sem eru skráðir með starfshlutfall eru skráðir í 100 prósent starf eða fullt starfshlutfall.
Bifreiðahlunnindi	Tekur gildi 1 ef einstaklingur fær bifreiðahlunnindi.
Aldur	Reiknuð breyta. Aldur hækkar í næsta mánuði á eftir afmælismánuði.
Tegund greiðslu	Reiknuð breyta. Segir til um tegund greiðslu, til dæmis hvort greiðsla sé launagreiðsla eða aðrar greiðslur eins og fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.
Atvinnugrein	Reiknuð breyta. Byggir á aðalatvinnugrein samkvæmt fyrirtækjaskrá Hagstofunnar til hagskýrslugerðar. Ef til eru upplýsingar úr öðrum heimildum um deildaskiptingu fyrirtækja þá eru þær nýttar. Þær heimildir eru launarannsókn, lögskráningagögn, upplýsingar um lögaðila sem eru bæði í útgerð og fiskvinnslu auk upplýsinga um starfsfólk í grunn- og leikskólum. Fyrirvari er við atvinnugreinaflokkun deildskiptra rekstrareininga, sérstaklega sveitarfélaga.

3.1.3 Tiltækileiki gagna

Staðgreiðslugögn sem byggja á núverandi úrvinnslukerfi ná aftur til ársins 2003, þó er einungis aðalatvinnugrein til staðar í gögnum fyrir árin 2003-2007. Til eru eldri staðgreiðslugögn fyrir árin 1988-2002. Þau eru ekki hæf til hagskýrslugerðar að svo stöddu.

Hingað til hefur Hagstofan lagt mesta áherslu á auðgun á atvinnugreinaflokkun, en í nánustu framtíð er gert ráð fyrir að setja af stað vinnu með ríkisskattstjóra, lögaðilum og hugbúnaðarhúsum til að skil á flokkunarbreytum verði af betri gæðum og er þá sérstaklega horft til atvinnugreinamerkingar hjá deildaskiptum fyrirtækjum og starfaflokkun launamanna. Ekki er gert ráð fyrir að hægt verði að bæta gæði starfshlutfalls þar sem stór hluti vinnumarkaðar er ekki að nota það í launaútreikningi sínum.

3.1.4 Kostir og gallar gagna

Kostir:

- Langstærstur hluti gagna er beint úr launakerfum sem lágmarkar hættu á skráningarvillum.
- Gagnaskil einföld fyrir greiðendur staðgreiðsluskyldra greiðslna.
- Gögnin eru tíð og tímanleg. Gögn eru mánaðarleg og liggur stærstur hluti gagnasafns fyrir 1-3 mánuðum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur.
- Heildarsafn.

Gallar:

- Staðgreiðsluskyldar launagreiðslur eru ekki aðgreindar frá öðrum greiðslum í frumgögnum.
- Engar upplýsingar um vinnutíma (hvorki unnar né greiddar stundir).
- Skráningarupplýsingar vantar eða er ábótavant. Það á við um allar upplýsingar sem voru settar sérstaklega í staðgreiðsluskilin til að stjórnsýslugögnin myndu nýtast betur við hagskýrslugerð, þ.e. starf, atvinnugrein og starfshlutfall.
- Viðmiðunartímabil eru ákveðin af launagreiðendum sem getur leitt til mismunandi tímasetningar launa, t.d. ef fólk hættir á miðju ári þá getur launagreiðandi haldið eftir hluta uppgjörs eins og desemberuppbót og greitt hana í desembermánuði þótt starfsmenn séu þá þegar hættir.
- Ekkert niðurbrot er á launagreiðslum til dæmis hvort um er að ræða dagvinnulaun eða yfirvinnugreiðslur.

3.2 Launarannsókn Hagstofunnar

Ein helsta heimild opinberrar launatölfræði er launarannsókn Hagstofu Íslands. Launarannsóknin byggir á úrtaki launagreiðenda með tíu starfsmenn eða fleiri og skila fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í úrtaki mánaðarlega stöðluðum upplýsingum á rafrænu formi um allar launagreiðslur til Hagstofunnar. Fjársýsla ríkisins skilar heildargögnum um allar

launagreiðslur ríkisstofnana sem fara í gegnum hana. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað og greiddar stundir, auk ýmissa bakgrunnsþátta starfsmanna og launagreiðenda. Í flestum launakerfum er til staðar viðbótarforrit sem gerir launagreiðendum kleift að taka út skilagrein vegna launarannsóknar með lágmarks tilkostnaði.

3.2.1 Lýsing á launarannsókn

3.2.1.1 Úrtak

Úrtaksrammi launarannsóknar byggir á staðgreiðslugögnum. Um er að ræða lagskipt úrtak fyrirtækja á almennum vinnumarkaði[7] með 10 eða fleiri starfsmenn. Lagskipt er eftir atvinnugrein og stærðarflokki innan atvinnugreinar. Öll fyrirtæki sem eru skilgreind sem „stór“ í hverju lagi eru sjálfvalin í úrtak og dregið er slembiúrtak úr öðrum lögum. Þá er einnig dregið úrtak sveitarfélaga sem byggir á lagskiptingu eftir stærð og staðsetningu. Fjársýsla ríkisins skilar heildargögnum um alla starfsmenn ríkisstofnana sem fá greidd laun í gegnum hana. Eftir að fyrirtæki hefur verið dregið í úrtak er haft samband við fyrirtækið og rannsóknin kynnt. Því næst hefst innleiðing fyrirtækis (ríkisstofnunar/sveitarfélags) í launarannsókn.

3.2.1.2 Innleiðing

Sérfræðingur Hagstofu sér um innleiðingu fyrirtækis í launarannsókn í samstarfi við tengilið fyrirtækis. Í innleiðingarfasa launarannsóknar er uppbygging fyrirtækisins og launasetning þess kortlögð, til dæmis með greiningu á skipuriti og kjarasamningum. Viðbótarforrit til að senda inn skilagrein í launarannsókn er virkjað og allir launa- og kostnaðarliðir fyrirtækis flokkaðir samkvæmt skilagrein launarannsóknar eftir innihaldi launaliðar. Í töflu 2 má sjá dæmi um heiti launaliða í fyrirtækjum sem tengdir eru við mismunandi launabreytur í skilagrein launarannsóknar.

[7] Stuðst við evrópska þjóðhagsreikningastaðalinn ESA 2010 við ákvörðun um skiptingu vinnumarkaðarins í almennan vinnumarkað og opinbera starfsmenn. Opinberir starfsmenn teljast þeir sem vinna hjá hinu opinbera (S.13). Til hins opinbera telst rekstur ríkis og sveitarfélaga sem er undir stjórn þeirra og er rekinn að meiri hluta fyrir skatttekjur. Aðrir teljast þá til almenns vinnumarkaðar, þar með talið fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem rekin eru að meiri hluta fyrir tekjur af sölu á vöru eða þjónustu.

Tafla 2. Dæmi um launaliði í fyrirtækjum og tengingu við skilagrein launarannsóknar

Skilagrein launarannsóknar	Dæmi um heiti launaliða hjá fyrirtæki
Grunndagvinnulaun	Mánaðarlaun, launalaust frí, mánaðarlaun í veikindum, mánaðarlaun í orlofi, mánaðarlaun í veikindum barns, dagvinna, dagvinna slys, frádráttartímar, jafnaðarkaup, uppsagnafrestur greiddur, verslunarfrí, launalaust leyfi.
Álagsgreiðslur	Önnur laun, kaupauki-vaktabónus, sérverkefni, húsvarsla, föst upphæð á laun, fastir tímar, staðgengislaun, meistaraálag, yfirgreiðsla, verkefnistengt álag, stjórnunarálag, óþægindaálag, fastur kaupauki, kuldaálag, innvinnsla, bónus, persónuálag.
Bónusgreiðslur	Hópbónus, bónus, rækjubónus, afkastabónus, söluþóknun, premía, hlutdeild í árangri, sporðasnyrtibónus, tekjutrygging, öryggis- og umgengnisbónus, nýtingar- og gæðabónus.
Ákvæðisgreiðslur	Ræsting, dilkasviðning, reykvaktir, löndun, mæling, útkall, kjörstjórn, eingreiðsla, tankavinna, póstlúgufjöldi, íbúðafjöldi, talningar, skoðanir, nemendaumsjón-bónus, eldhústörf.
Eingreiðslur	Orlofsuppbót, desemberuppbót, aukagreiðsla, fæðingarstyrkur, afmælismánuður, starfsafmæli, eingreiðsla, jólagjöf, launaauki, sérgreiðsla, mánaðarlaun í 13. mánuði, jólabónus, starfsaldursgreiðsla, annaruppbót.

Markmið innleiðingar að tryggja samræmingu gagna fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni. Í innleiðingarfasanum eru skráðar (eða yfirfarnar) þær upplýsingar í launakerfin sem skila þarf til Hagstofu. Þessar upplýsingar eru meðal annars: Atvinnugrein fyrirtækis samkvæmt íSAT2008 (og aukaatvinnugrein ef einhver er), sveitarfélag starfsstöðvar (ef fyrirtækið er sjálft að aðgreina starfsstöðvar í launakerfi er það gert en sveitarfélag höfuðstöðva annars skráð), starf launamanns samkvæmt ÍSTARF95, umsaminn vinnutími launamanns miðað við fullt starf, stéttarfélag launamanns, lífeyrissjóður launamanns auk fleiri upplýsinga (sjá færslulýsingu í kafla 2.1.4).

Starfa-, atvinnugreina- og menntaflokkun byggir á alþjóðlegum stöðlum. Fyrirtæki hafa í einhverjum tilvikum þegar flokkað störf samkvæmt Ístarf95 en algengara er að fyrirtæki séu með eigin starfsheiti sem ekki hafa verið flokkuð samkvæmt samræmdu kerfi. Síðustu árin hefur færst í vöxt að fyrirtæki noti Ístarf95 sem grunn fyrir starfaflokkun vegna jafnlaunavottunar. Fyrirtæki sem ekki eru í úrtaki launarannsóknar hafa auk þess leitað til Hagstofu til að fá aðstoð við starfaflokkun. Eftir að innleiðingu lýkur hefjast mánaðarleg gagnaskil fyrirtækis til Hagstofu.

3.2.1.3 Eftirfylgni

Í launarannsókn er gerð rík krafa um nákvæmni við flokkun og skráningu en margt þarf að ganga upp til að gögnin skili sér með ásættanlegum gæðum. Rétt skráning fyrirtækja á bakgrunnsbreytum, svo sem starfi og atvinnugrein, er forsenda gæða auk þess sem laun,

greiddar stundir og launatengd gjöld þurfa að skila sér rétt. Þá þarf launahugbúnaður að virka rétt (engar kerfisvillur í hugbúnaði).

Reynslan hefur sýnt að eftirfylgni eftir að regluleg gagnaskil eru hafin er afar mikilvæg til að viðhalda gæðum gagna þar sem breytingar eru algengar hjá fyrirtækjum. Í töflu 3 má sjá algengar breytingar hjá fyrirtækjum og hvaða áhrif þær geta haft á gæði gagna. Tíð endurgjöf tryggir að fyrirtæki muni eftir að uppfæra þau atriði í launakerfinu sem skipta máli fyrir launarannsókn, svo sem tenging við launafærslu og samræmd flokkun.

Tafla 3. Dæmi um breytingar hjá fyrirtækjum sem geta haft áhrif á gæði gagna

Breytingar hjá fyrirtæki	Áhrif breytinga
Skipulagsbreytingar	Skipulagsbreytingar eru algengar og hafa í för með sér breytingar á störfum og launum. Algengt er að það gleymist að uppfæra starfaflokkun við slíkar breytingar.
Mikil starfsmannavelta	Starfsmannavelta tengist almennt efnahagsástandi en er viðvarandi hjá ákveðnum fyrirtækjum. Mikil starfmannavelta hefur ekki áhrif á tengingu launaliða, en algengt að það vanti starfaflokkun og fjölda vinnustunda bakvið vinnuskyldu fyrir fullt starf.
Nýr launahugbúnaður	Breytingar á launahugbúnaði fyrirtækja tengjast efnahagsástandi en eru alltaf til staðar að einhverju leyti, sérstaklega hjá stærri fyrirtækjum. Í einhverjum tilvikum er hægt að flytja upplýsingar á milli kerfa en stundum er það ekki hægt eða yfirfærsla mistekst. Í þeim tilvikum glatast allar skráningaupplýsingar eða þær verða rangar.
Kerfisvilla í launahugbúnaði	Ýmis konar kerfisvillur geta komið upp í launahugbúnaði sem veldur því að upplýsingar skila sér ekki rétt. Þær eru almennt erfiðar viðfangs og tímafrekar.
Nýir launaliðir	Nýir launaliðir geta komið í kjölfar kjarasamninga eða með lagabreytingum. Í þeim tilvikum þarf að hafa samband við fyrirtæki og hugbúnaðarhús til að tryggja samræmingu og réttmæti. Ef launatengd gjöld breytast er haft samband við hugbúnaðarhúsin og þau beðin um að gera breytingu á kerfisvirkni. Þegar stuttur tími er til breytinga ná hugbúnaðarhús ekki alltaf að gera breytingu í tæka tíð. Rétt er að hafa í huga að ekki er alltaf búið að útfæra launalið í launakerfi þótt kjarasamningur kveði á um framkvæmd.

Hver gagnaskrá sem Hagstofan tekur á móti mánaðarlega er sannreynd með gæðatékkum og með tillit til breytinga. Oft er ekki hægt að sannreyna breytingar á gögnum nema hafa samband við fyrirtæki og er það gert eftir þörfum. Algengustu breytingar í gögnum eru breytingar á atvinnugrein, breytingar á skilgreindum vinnutíma, breytingar á störfum, nýir launaliðir og breytt hlutfall launatengdra gjalda.

Þegar skrá hefur verið yfirfarin eru færslur sameinaðar þannig að einungis ein færsla verði fyrir hvert ráðningarsamband. Ráðningarsamband er skilgreint sem launamaður, starf, fyrirtæki og atvinnugrein í hverjum mánuði.

3.2.1.4 Færslulýsing launarannsóknar

Í töflu 4 má sjá færsluliði launarannsóknar og skýringar á þeim. Í launarannsókn er safnað inn alls 44 atriðum sem úr launakerfum. Upplýsingum er safnað um launagreiðanda, starfsmann, laun og vinnutíma ásamt greiðslutímabili. Ákveðin atriði eins og upplýsingar um starfshlutfall og menntun eru oft ekki skráð í launakerfi. Í þeim tilfellum sækir Hagstofan upplýsingar í aðrar heimildir, ef mögulegt er, til að lágmarka svarbyrði fyrirtækja.

Tafla 4. Færslulýsing launarannsóknar

Breyta	Skýring
Kennitala fyrirtækis	Brengluð kennitala fyrirtækis. Ef rekstrardeild eða útibú fyrirtækis hefur aðra kennitölu en móðurfyrirtækið, þá skal nota kennitölu deildar eða útibús.
Sveitarfélag	Sveitarfélagsnúmer vinnustaðar starfsmanns skv. sveitarfélagaflokkun Hagstofu Íslands. Skráð er sveitarfélaganúmer höfuðstöðva ef fyrirtæki heldur ekki sérstaklega undir hverja starfsstöð í launakerfi.
Atvinnugrein	Atvinnugreinanúmer fyrirtækis skv. ÍSAT08 atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Ef fyrirtækið er deildarskipt þá skal skrá atvinnugreinanúmer þeirrar deildar sem starfsmaður starfar í. Fimm stafa atvinnugrein.
Kennitala starfsmanns	Brengluð kennitala starfsmanns.
Fæðingarmánuður og ár	Fæðingarmánuður og ár starfsmanns í þessari röð.
Kyn	1 ef starfsmaður er karl en 2 ef starfsmaður er kona.
Stéttarfélag	Númer stéttarfélags sem starfsmaður greiðir í skv. flokkunarkerfi Hagstofu Íslands.
Lífeyrissjóður	Númer lífeyrissjóðs sem starfsmaður greiðir í skv. flokkunarkerfi Hagstofu Íslands.
Menntun	Menntun starfsmanns skv. Ísnám2011 flokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Einungis fyrsti stafur.
Starf	Starfanúmer starfsmanns skv. ÍSTARF 95 starfaflokkun Hagstofu Íslands. Fjögurra stafa Ístarf95 auk stöðutölu sem er fimmti stafurinn. Stöðutala segir til um stöðu starfsmanns, til dæmis hvort hann er almennur starfsmaður, nemi, iðnlærður, verkstjóri eða eigandi.
Starfsaldur (ráðningardags.)	Mánuður og ár sem starfsmaður hóf störf hjá fyrirtækinu í þessari röð. Miða skal við samfellt starf hjá fyrirtækinu.
Starfshlutfall	Hlutfallsleg vinnuskylda starfsmanns (með einum aukastaf) skv. ráðningarsamningi.

Tafla 4. Færslulýsing launarannsóknar (frh.)

Breyta	**Skýring**
Útborgunartímabil	Yfir hversu langt tímabil dagvinnugreiðslur starfsmanns ná: (1) viku, (2) tvær vikur, (3) hálfan mánuð, (4) mánuð eða (5) annað.
Skráður vinnutími	Vinnutími (með einum aukastaf) sem skráður er á starfsmann í starfsmannaupplýsingum. Vinnutíminn tekur mið af úrborgunartímabili og miðast við fulla vinnuskyldu.
Orlofsprósenta	Orlofsprósenta (með tveimur aukastöfum) sem orlofsgreiðslur starfsmanns reiknast út frá.
Orlofsmerking	Orlof vegna venjulegrar vinnuskyldu (dagvinnu) er (1) staðgreitt (útborgað eða sett á orlofsreikning) eða (2) starfsmaður tekur út frí á launum í samræmi við fjölda áunninna orlofsdaga.
Samningur	Númer kjarasamnings/fyrirtækjasamnings sem starfsmaður fær föst laun samkvæmt. Mjög misjafnt er hvort að þessar upplýsingar eru til staðar í launakerfum fyrirtækja á almennum vinnumarkaði.
Launaflokkur	Númer launaflokks sem starfsmaður fær föst laun samkvæmt. Mjög misjafnt er hvort að þessar upplýsingar eru til staðar í launakerfum fyrirtækja á almennum vinnumarkaði.
Þrep	Þrep launaflokks sem starfsmaður fær föst laun samkvæmt. Mjög misjafnt er hvort að þessar upplýsingar eru til staðar í launakerfum fyrirtækja á almennum vinnumarkaði.
Grunndagvinnulaun	Grunnlaun fyrir dagvinnu. Grunnlaun eru skilgreind sem grunngreiðslur fyrir dagvinnustundir greiðslutímabilsins án aukagreiðslna.
Dagvinnutímar	Heildarfjöldi greiddra vinnustunda (með einum aukastaf) sem grunndagvinnulaun reiknast út frá.
Álagsgreiðslur	Aukagreiðslur á dagvinnu og vaktavinnu, s.s. hæðar-, staðar-, mætingar-, óþrifa-, útivinnu-, deildarstjóra- og uppskipunarálag. Einnig yfirborganir, eins og ómæld/óunnin yfirvinna og fastar þóknunargreiðslur. Af þessum greiðslum reiknast orlof. Álagsgreiðslur sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili (mánaðarlega) fara á eingreiðslur.
Kostnaðargreiðslur	Aukagreiðslur vegna kostnaðar starfsmanns við vinnuna, s.s. fæðis-, ferða-, fata-, og verkfærapeningar. Af þessum greiðslum reiknast ekki orlof.
Bónusgreiðslur	Launaauki vegna afkasta eða frammistöðu einstaklings eða hóps. Þessar greiðslur leggjast ofan á grunnlaun og eru gerðar upp reglulega á hverju útborgunartímabili, til dæmis bónus og premía í fiskvinnslu. Launaauki vegna afkasta eða frammistöðu einstaklings eða hóps sem eru ekki gerðar upp á hverju útborgunartímabili (mánaðarlega) eða afkastahvetjandi greiðslur vegna stærri verka sem oft eru gerðar upp í verklok fara á eingreiðslur.

Tafla 4. Færslulýsing launarannsóknar (frh.)

Breyta	**Skýring**
Vaktaálag	Álagsgreiðslur fyrir staðnar og unnar vaktir. Dagvinnuhluti vaktalauna skal vera með grunndagvinnulaunum ef hægt er.
Vaktaálagstímar	Heildarfjöldi greiddra vinnustunda (með einum aukastaf) sem vaktaálagsgreiðslur reiknast út frá. Mjög algengt að um sé að ræða fasta upphæð sem ekki er tímamæld og þá koma tímarnir ekki með.
Yfirvinnulaun	Greiðslur fyrir yfirvinnu, þ.e. upphæð sem jafngildir grunndagvinnulaunum að viðbættu yfirvinnuálagi. Ómæld/óunnin yfirvinna tengist á álagsgreiðslur.
Yfirvinnutímar	Heildarfjöldi greiddra vinnustunda (með einum aukastaf) sem yfirvinnulaun reiknast út frá.
Veikindalaun	Greiðslur sem greiddar eru starfsmanni í veikindum. Oft er ekki haldið sérstaklega utan um veikindalaun í launakerfum.
Veikindatímar	Heildarfjöldi greiddra vinnustunda (með einum aukastaf) sem veikindalaun reiknast út frá. Oft er ekki haldið sérstaklega utan um veikindalaun í launakerfum.
Eingreiðslur og sérstakar greiðslur	Samningsbundnir launaaukar. Til dæmis orlofsuppbót, desemberuppbót, 13. mánuður og sérstakar eingreiðslur vegna breyttra forsenda kjarasamninga eru dæmi um slíkar eingreiðslur. Óreglulegir launaaukar vegna afkomu eða arðsemi fyrirtækis. Launaaukar vegna afkasta eða frammistöðu einstaklings eða hóps. Þessar greiðslur leggjast ofan á grunnlaun og eru yfirleitt ekki gerðar upp á hverju útborgunartímabili (mánaðarlega). Afkastahvetjandi greiðslur vegna stærri verka sem oft eru gerðar upp í verklok.
Nefndar-/stjórnunarlaun	Greiðslur fyrir setu í nefndum og stjórnum á vegum atvinnurekenda.
Akstursgreiðslur	Greiðslur fyrir akstur, hvort sem þær eru fastar greiðslur eða samkvæmt akstursdagbók.
Hlunnindi	Skattskyld hlunnindi starfsmanns.
Önnur laun	Launagreiðslur sem falla ekki undir neinn annan skilgreindan færslulið fyrir launagreiðslur t.d. greiðslur vegna bakvakta. Einnig leiðréttingar á launum vegna eldri viðmiðunartímabila.
Orlofsgreiðslur	Greiðslur atvinnurekenda vegna orlofs starfsmanns.
Lífeyrissjóðsgjald	Mótframlag atvinnurekenda í skyldulífeyrissjóð.
Tryggingagjald	Greiðslur atvinnurekenda vegna tryggingagjalds og ábyrgðarsjóðsgjalds launa.

Tafla 4. Færslulýsing launarannsóknar (frh.)

Breyta	Skýring
Sjúkrasjóðsgjald	Greiðslur atvinnurekenda til sjúkrasjóðs stéttarfélaga og í endurhæfingarsjóð.
Orlofs(félags)heimila-sjóðsgjald	Greiðslur atvinnurekenda til orlofs(félags)heimilasjóða stéttarfélaga.
Vísindasjóður/ endurmenntun	Greiðslur atvinnurekenda í endurmenntunar- og vísindasjóði.
Önnur launatengd gjöld	Framlag atvinnurekenda í séreignasjóð lífeyrissjóða.
Byrjunardags. greiðslutímabils	Byrjunardagsetning tímabilsins sem grunndagvinnulaunin miðast við.
Endadags. greiðslutímabils	Endadagsetning tímabilsins sem grunndagvinnulaunin miðast við.

3.2.2 Tiltæk gögn á samræmdu sniði

Í launarannsókninni skiluðu árið 2017[8] um 120 fyrirtæki á almennum vinnumarkaði gögnum fyrir að meðaltali um 30 þúsund einstaklinga á mánuði, 15 sveitarfélög fyrir um 15 þúsund einstaklinga að meðaltali á mánuði og Fjársýsla ríkisins skilar gögnum fyrir um 24 þúsund einstaklinga að meðaltali á mánuði fyrir ríkisstarfsmenn. Árið 2017 komu rúmlega 95 þúsund einstaklingar fyrir í launarannsókninni einu sinni eða oftar. Í töflu 5 er yfirlit yfir gögn á samræmdu sniði í launarannsókn eftir atvinnugrein og tímabili.

Tafla 5. Gögn á samræmdu formi í launarannsókn eftir atvinnugrein og tímabili

Atvinnugrein	Tímabil	Athugasemdir
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A)	2004-	Fyrirtæki við fiskveiðar senda upplýsingar en ekki hafa verið birtar hagtölur úr þeim gögnum. Fyrirtæki í landbúnaði hafa ekki verið dregin í úrtak.
Framleiðsla (C)	1998-	
Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)	2008-	
Vatnsveita, fráveita og meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)	2008-	
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)	1998-	
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)	1998-	
Flutningur og geymsla (H)	1998-	

[8] Þar sem greinargerðin er tekin saman árið 2018 miða þessar tölur við síðasta heila árið þar á undan.

Tafla 5. Gögn á samræmdu formi í launarannsókn eftir atvinnugrein og tímabili (frh.)

Atvinnugrein	**Tímabil**	**Athugasemdir**
Upplýsingar og fjarskipti (J)	2008-	Vantar deildir 62-63 (upplýsingatækni og – þjónusta) en þar starfar um helmingur launfólks í atvinnugreininni. Einnig vantar lítil fyrirtæki í atvinnugreinina í heild sinni. Eitthvað er til af gögnum fyrir árið 2008 en þau eru ekki heildstæð.
Fjármála- og vátryggingastarfsemi (K)	2005-	
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)	2000/ 2008	Til eru samræmd gögn fyrir sveitarfélög (nema Reykjavíkurborg) frá 2000, ríki og borg frá 2008. Gögnin ná eingöngu til sveitarfélaga og stofnana ríkisins sem fara í gegnum fjársýsluna en það á við um 95% launafólks í atvinnugreininni.
Fræðslustarfsemi (P)	2000/ 2008	Til eru samræmd gögn fyrir sveitarfélög (nema Reykjavíkurborg) frá 2000, ríki og borg frá 2008. Gögnin ná eingöngu til sveitarfélaga og stofnana ríkisins sem fara í gegnum fjársýsluna en það á við um 85% launamenn í atvinnugreininni.
Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)	2000/ 2008	Til eru samræmd gögn fyrir sveitarfélög (nema Reykjavíkurborg) frá 2000, ríki og borg frá 2008. Gögnin ná eingöngu til sveitarfélaga og stofnana ríkisins sem fara í gegnum fjársýsluna en það á við um 75% launamenn í atvinnugreininni.
Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi (R)	2000/ 2008	Til eru samræmd gögn fyrir sveitarfélög (nema Reykjavíkurborg) frá 2000, ríki og borg frá 2008. Gögnin ná eingöngu til sveitarfélaga og stofnana ríkisins sem fara í gegnum fjársýsluna en það á við um helming launafólks í atvinnugreininni. Af þeim sökum hafa ekki verið birtar hagtölur fyrir atvinnugreinina.

Þar sem launarannsókn Hagstofunnar nær einungis til launagreiðenda sem hafa 10 starfsmenn eða fleiri, samsvarar full þekja rannsóknarinnar til um 17% launagreiðenda en tæplega 90% launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Launarannsóknin hefur þó ekki náð fullri þekju og nær að svo stöddu til um það bil 80% launafólks samkvæmt talningu úr úrtaksramma launarannsóknar árið 2017. Um 73% launamanna starfa í þeim atvinnugreinum sem launarannsóknin hefur fulla þekju í (þ.e. C, D, E, F, G, H, K, O, P, Q) auk þess sem um 9% launamanna starfa í þeim atvinnugreinum sem launarannsóknin þekur að hluta (A, J, R).

Innleiðing á atvinnugreininni Rekstur gististaða og veitingastaða (I) er á lokametrum[9] en þar störfuðu tæplega 9% launamanna árið 2017.

Árið 2017 voru starfandi[10] á íslenskum vinnumarkaði að meðaltali alls um 197.200 og voru einyrkjar þar af um 9.700 talsins. Í töflu 6 má sjá fjölda launamanna eftir atvinnugrein samkvæmt úrtaksramma rannsóknarinnar. Úrtaksramminn byggir á staðgreiðslugögnum launagreiðenda með fleiri en 9 starfsmenn á ársgrundvelli.

Tafla 6. Fjöldi launamanna eftir atvinnugrein samkvæmt úrtaksramma launarannsóknar 2017

Atvinnugrein	Fjöldi launa-manna	Hlutfall launa-manna	Hluti af launa-rannsókn?	Nánari skýringar
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A)	3.182	1,8%	að hluta	Ekki hluti af EES-lagaramma. Til eru gögn um útgerð (deild 03).
Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu (B)	116	0,1%	nei	
Framleiðsla (C)	19.971	11,5%	já	
Rafmagns-, gas- og hitaveitur (D)	1.603	0,9%	já	
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E)	963	0,6%	já	
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F)	6.402	3,7%	já	
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G)	22.021	12,7%	já	
Flutningar og geymsla (H)	12.918	7,5%	já	
Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)	15.126	8,7%	nei	Í vinnslu[9].
Upplýsingar og fjarskipti (J)	6.699	3,9%	að hluta	Vantar deildir 62-63 (upplýsingatækni og -þjónusta) og lítil fyrirtæki í greinina.
Fjármála- og vátryggingastarfsemi (K)	5.677	3,3%	já	

[9] Atvinnugreinin rekstur gististaða og veitingarekstur (I) varð hluti af launarannsókn í ársbyrjun 2019
[10] http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__vinnumagnogframleidni__vinnumagn/THJ11002.px/

Tafla 6. Fjöldi launamanna eftir atvinnugrein samkvæmt úrtaksramma launarannsóknar 2017 (frh.)

Atvinnugrein	**Fjöldi launa-manna**	**Hlutfall launa-manna**	**Hluti af launa-rannsókn?**	**Nánari skýringar**
Fasteignaviðskipti (L)	372	0,2%	nei	
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)	5.146	3,0%	að hluta	Launafólk hjá opinberum launagreiðendum (11%) eru hluti af launarannsókn. Starfsemi arkitekta og verkfræðinga (deild 71) eru hluti af rannsókn.
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N)	9.433	5,4%	nei	Launamenn hjá opinberum laungreiðendum (6%) eru hluti af rannsókn.
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O)	11.177	6,4%	já	Launamenn hjá opinberum launagreiðendum (95%) eru hluti af rannsókn.
Fræðslustarfsemi (P)	21.298	12,3%	já	Launamenn hjá opinberum launagreiðendum (85%) eru hluti af rannsókn.
Heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q)	24.299	14,0%	já	Launamenn hjá opinberum launagreiðendum (75%) eru hluti af rannsókn.
Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi (R)	4.891	2,8%	að hluta	Launamenn hjá opinberum launagreiðendum (50%) eru hluti af rannsókn.
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (S)	2.005	1,2%	nei	Launamenn hjá opinberum launagreiðendum (10%) eru hluti af rannsókn.
Alls í úrtaksramma	173.299	100%		

3.2.3 Kostir og gallar gagna

Kostir:

- Gögn sótt beint í launakerfi sem lágmarkar hættu á skráningarvillum.
- Gagnaskil einföld fyrir launagreiðanda.
- Mikill tímaleiki og tíðni gagna. Gögn eru mánaðarleg og berast Hagstofu yfirleitt fljótlega eftir að laun eru greidd út.
- Stöðluð og samræmd gögn.
- Samræmd starfa- og atvinnugreinaflokkun auk flokkunar á launaliðum í samræmi við launafærslu Hagstofu.
- Mikið niðurbrot á launaliðum og því er hægt að greina mjög nákvæmlega samsetningu launa, vinnutíma og launakostnaðar.
- Mikil þekking fæst á uppbyggingu fyrirtækja við innleiðingu þeirra í launarannsókn.

Gallar:

- Innleiðing fyrirtækja tíma- og mannaflafrek.
- Ef fyrirtæki skiptir um hugbúnað þarf oft að innleiða það að nýju í launarannsókn (sem getur tafist vegna hugbúnaðarvandamála eða anna hjá fyrirtæki). Almennt eru allar breytingar hjá fyrirtæki í úrtaki tímafrek í framkvæmd og krefst mannafla, til dæmis ef þarf að yfirfara alla starfaflokkun aftur vegna skipulagsbreytinga.
- Launafærsla launarannsóknar er stöðluð og því getur verið flókið að bregðast við breytingum eins og þegar nýir launaliðir verða til í kjarasamningum.
- Endurnýjun úrtaks er hæg og engin skipulögð útskipti hafa ennþá átt sér stað hjá smærri fyrirtækjum líkt og áformað var.

3.3 Skattagögn – Framtöl

Stjórnsýslugögn ríkisskattstjóra sem byggja á árlegum framtalsgögnum eru nýtt í launatölfræðinni, þá einkum upplýsingar um tekjur og launakostnað fyrirtækja. Þar á meðal eru:

- Skattframtal einstaklinga
- Skattframtal rekstraraðila
- Launamiðar
- Skattframtal barns
- Landbúnaðarskýrsla vegna búrekstrar
- Rekstrarskýrsla einstaklinga

Framtalsgögn eru nýtt við gerð tölfræði um vísitölu heildarlauna, launakostnað og launakostnaðarvísitölu en í þeim afurðum eru gögn úr rannsóknum eins og launarannsókn notuð til þess að meta hlutfallslegar stærðir sem eru svo heimfærðar á allt þýðið sem byggja á skráargögnum.

Hagstofan hefur um árabil safnað inn framtalsupplýsingum enda ber Hagstofunni samkvæmt lögum að hagnýta stjórnsýslugögn sé þess kostur. Í samtarfi við ríkisskattstjóra er í vinnslu að hagnýta enn betur framtalsgögn.

3.3.1 Skattframtal einstaklinga

Í gögnum um skattframtöl einstaklinga[11] er hægt að aðgreina laun, bætur og aðrar tekjur, en ekki kemur fram frá hvaða greiðendum. Það má hins vegar nýta önnur gögn til að gera ásættanlega nálgun á greiðendur þar sem upplýsingar um greiðendur staðgreiðsluskyldrar greiðslu liggja fyrir til dæmis í staðgreiðslu- og launamiðagögnum. Í framtölum má finna upplýsingar um þá sem eru með eigin rekstur og allar framtaldar tekjur, óháð því hvort þær eru staðgreiðsluskyldar eða ekki. Einnig kemur fram hver launin voru skv. staðgreiðsluskrá og samkvæmt skilagrein reiknaðs endurgjalds ásamt launum samkvæmt greinagerð ársmanna.

Framtalsgögn einstaklinga ná aftur til ársins 1981. Gæði gagna eru verri eftir því sem þau eru eldri. Hluti gagnasafns getur verið handreiknað eða tekjur áætlaðar af ríkisskattstjóra hafi framtali ekki verið skilað. Handreiknað framtal fá þeir framteljendur sem hafa ekki búið á Íslandi nema hluta úr viðkomandi tekjuári, hafa hér á landi skattalega heimilisfesti, hafa tekjur hér á landi án þess að hafa hér búsetu, og eins ef breytingar hafa orðið á hjúskaparstöðu svo dæmi séu tekin, eða aðrar þær breytingar á högum sem kalla á sérstaka meðhöndlun skattframtalsins.

3.3.2 Skattframtal lögaðila

Lögaðilum og einstaklingum í rekstri með ársveltu yfir 20 milljón kr. á ári er skylt að skila skattframtali lögaðila[12]. Aðrir einstaklingar í rekstri með veltu á bilinu 1 millj. kr. til 20 millj. kr. eiga að skila rekstrarskýrslu einstaklinga. Bændur í búrekstri skila landbúnaðarskýrslu án tillits til veltu. Skattframtöl lögaðila eru nýtt í launakostnaðartölfræði. Gögnin ná aftur til 2002.

3.3.3 Launamiðar

Í gögnum um launamiða[13] eru greiðslur greindar í sundur, til dæmis vinnulaun og aðskiljanlegar aðrar greiðslur, svo sem félagsleg aðstoð sveitarfélaga, námsstyrkir o.fl.

Launamiðar eru notaðir í launatölfræðinni til að villuprófa staðgreiðslugögn. Einnig eru þau nýtt á margvíslegan hátt til að styðja við mat á vinnutíma, starfa- og atvinnugreinaflokkun, áætla mögulega stéttarfélagsaðild og þannig fá betra mat á launatengd gjöld, t.d. mótframlag í lífeyrissjóð og stéttarfélagsgjöld í þeim afurðum sem byggja á skráargögnum. Gögnin ná aftur til 1993 á samræmdu sniði. Til eru eldri gögn frá 1981-1997.

---

[11] https://www.rsk.is/einstaklingar/framtal-og-alagning/
[12] https://www.rsk.is/atvinnurekstur/framtal-og-alagning/skattframtal-rekstraradila/
[13] https://www.rsk.is/atvinnurekstur/framtal-og-alagning/launamidar-og-launaframtal/

3.3.4 Kostir og gallar gagna

Kostir:

- Framtalsgögn eru mjög ítarleg. Upplýsingar um launakostnað og allar tekjur (ekki bara staðgreiðsluskyldar) og mikið niðurbrot.
- Hin síðari ár hefur forskráning gagna í skattframtöl einstaklinga aukið upplýsingagæði þeirra.

Gallar:

- Nokkuð skortir upp á að gögnin séu tíð og tímanleg. Um er að ræða ársgögn sem liggja fyrir 6-8 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur (framtal einstaklinga) eða 10-11 mánuðum (framtal rekstraraðila).
- Gögnum er safnað af skattyfirvöldum vegna skattaálagningar og eru gildi ákvörðuð af einstaklingum eða lögaðilum. Í þeim tilfellum sem framtölum er ekki skilað áætlar ríkisskattstjóri tekjur.

3.4 Lögskráningagögn

Lögskráningagögn eru stjórnsýslugögn frá Samgöngustofu og byggja á lögum um lögskráningu sjómanna nr. 35/2010[14] og reglugerð 817/2010[15]. Í lögskráningu felst lögformleg skráning sjómanna um borð í skipum og innhalda upplýsingar meðal annars á hvaða bát sjómenn eru, í hvaða útgerð, í hvaða stöðu og á hvaða tíma viðkomandi voru til sjós. Skylt er að lögskrá áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Lögskráningar sjómanna eru notaðar í úrvinnslukerfi staðgreiðslugagna til að greina á milli starfsmanna sjávarútvegsfyrirtækja í hvort tveggja fiskveiðum og fiskvinnslu. Einnig eru gögnin notuð í launatölfræði sem byggja á skráargögnum til að áætla og styðja við mat vinnutíma (útiveru), starfa- og atvinnugreinaflokkun sjómanna og annarra sem eru skráningaskyldir, t.d. ferjur og hvalaskoðunarskip. Flokkunin er svo einnig nýtt við mat á launatengdum gjöldum sjómanna.

Gögn ná aftur til ársins 1998 en einungis eru notuð samræmd gögn frá árinu 2011.

3.5 Menntaupplýsingar

Menntaupplýsingar sem notaðar eru í launatölfræðinni byggja á Ísmennt2011. Ísmennt2011 er tveggja stafa flokkunarkerfi sem sýnir stig menntunarstöðu og tekur mið af alþjóðlega menntunarstaðlinum ISCED-2011. Ísmennt2011 kerfið var formlega gefið út af Hagstofunni í apríl 2017. Nánari upplýsingar um kerfið má finna hér: https://hagstofa.is/media/50388/ismennt2011.pdf

---

[14] https://www.althingi.is/altext/stjt/2010.035.html
[15] https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/817-2010

3.5.1 Launarannsókn

Í launarannsókn Hagstofunnar er safnað inn hæstu menntun einstaklinga niður *á fyrsta staf* Ísmennt2011. Tveggja stafa flokkunarkerfið Ísmennt 2011 hefur verið sent til hugbúnaðarhúsa og á því að vera til staðar í flestum launakerfum. Í gögnum launarannsóknar er þó einungis safnað inn fyrsta staf Ísmennt 2011 þar sem samræmd færslulýsing gerir bara ráð fyrir einum staf.

Hins vegar eru menntaupplýsingar í launarannsókn af slökum gæðum þar sem almennt eru fyrirtæki ekki að halda utan um menntaupplýsingar í launakerfum og oft liggja menntaupplýsingar ekki fyrir. Því hefur menntabreytan í launarannsókn ekki verið notuð að ráði í launatölfræði heldur stuðst við aðrar heimildir um menntun.

3.5.2 Menntagögn

Hagstofan hefur safnað víðtækum upplýsingum um menntun landsmanna í eitt samfellt gagnasafn. Grunnurinn er gagnasafn frá 1995 með útskriftum einstaklinga úr framhalds- og háskólum. Þá hefur verið safnað saman ýmsum öðrum upplýsingum eins og úr manntali 1981, starfsleyfa- og réttindaskrám, menntaupplýsingar úr gögnum um starfsfólk í leik- og grunnskólum, doktoraskrá Rannís og fjölmargar aðrar heimildir. Nýjustu upplýsingar eru menntaupplýsingar frá öðrum norrænum hagstofum.

Menntaupplýsingar er notaðar við mat á vinnustundum og starfaflokkun í launatölfræði sem byggir á skráargögnum.

3.6 Aðrar heimildir

Mannfjöldaupplýsingar; Lýðfræðiupplýsingar, eins og kyn og búseta, í launatölfræðinni eru sóttar í mannfjöldagögn sem byggja á stjórnsýsluskrám frá Þjóðskrá Íslands.

Kjarasamningsgrunnur; Notaður við mat á vinnustundum, sóttar upplýsingar um samningsbundinn vinnutíma þar sem launatölfræði byggir á skráargögnum.

Uppgjör ríkisins (ríkisreikningur); Notað í upplýsingar um launatengd gjöld og til að stemma af niðurstöður í launakostnaðartölfræði.

Ársreikningar lífeyrissjóða; Upplýsingar notaðar til að stemma af niðurstöður í launakostnaðartölfræði.

4. Helstu útgáfur í opinberri launatölfræði

Hagstofan birtir fjölbreytta launatölfræði með mismunandi niðurbroti og tíðni. Mánaðarlega eru birtar upplýsingar um breytingar launa samkvæmt launavísitölu, ársfjórðungslega birtar upplýsingar um breytingar heildarlauna samkvæmt vísitölu heildarlauna og árlega eru birtar upplýsingar um laun og dreifingu launa. Þá er Ísland skuldbundið hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, en á vegum hennar er einnig safnað fjölbreyttum upplýsingum

um laun og launakostnað. Fjórða hvert ár eru framkvæmdar samevrópskar rannsóknir, annars vegar um laun og samsetningu þeirra í Structure of Earnings Survey og hins vegar um launakostnað og samsetningu hans í Labour Cost Survey. Þá gefur Eurostat ársfjórðungslega út vísitölu launakostnaðar (Labour Cost Index) sem er mat á þróun launakostnaðar á milli Labour Cost Survey rannsókna og árlega Labour Cost Levels sem er áætlað einingarverð á launakostnað eftir atvinnugreinum. Einnig er gefið út árlega Unadjusted Gender Pay Gap sem er mat á þróun á launum karla og kvenna.

Vefur Hagstofunnar:
https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/laun/
https://www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/launakostnadur/launakostnadur/

Vefur Eurostat:
http://ec.europa.eu/eurostat/web/labour-market/earnings/database
http://ec.europa.eu/eurostat/web/labour-market/labour-costs/database

4.1 Úrtaksrammi launarannsóknar og vogir

Öll launatölfræði Hagstofunnar byggir að verulegu leyti á launarannsókn Hagstofu Íslands. Úrtaksrammi launarannsóknar eru launagreiðendur í staðgreiðslugögnum með 10 eða fleiri launþega að meðaltali yfir árið, en í staðgreiðslugögnum eru allir launamenn og launagreiðendur sem greiða staðgreiðsluskyld laun á Íslandi. Þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða þarf að nota vogir við útreikninga og byggja þeir á úrtakshönnun launarannsóknar.

Staðgreiðslugögn byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um uppgjör vegna staðgreiðslu af launum og/eða reiknuðu endurgjaldi, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Uppgjörið hefur verið auðgað með öðrum upplýsingum svo hægt sé að nýta það til hagskýrslugerðar.

4.1.1 Úrtaksrammi

Úrtak launarannsóknar er lagskipt klasaúrtak, þar sem rekstrareiningin/fyrirtækið er klasinn og öll stök/launþegar í klasanum eru úrtakinu. Rekstrareiningum er skipað í lög eftir eðli og stærð starfseminnar.

Úrtaksrammanum er skipt í rekstur ríkisins, rekstur sveitarfélaga og rekstur fyrirtækja á markaði. Skiptingin ákvarðast af þjóðhagsreikningakerfinu ESA2010 (SNA2008)[16]. Þannig myndar rekstur ríkisins og rekstur sveitarfélaga *hið opinbera* sem er utanmarkaðsframleiðandi og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

1) Minna en 50% af tekjunum kemur af sölu á vöru eða þjónustu.
2) Verð ákvarðast EKKI af framboði/eftirspurn.
3) Neytandinn hefur EKKI val um kaup eða ekki á grundvelli verðs.

[16] Sama skilgreining er notuð í niðurbroti launatölfræði þegar kemur að geiraskiptingu (launþegahópar).

4) Opinbert yfirvald ræður í raun rekstri, t.d. með skipun stjórnar eða lagasetningu.

Aðrar rekstrareiningar, þar með talin fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar hins opinbera sem eru á markaði, flokkast sem *almennur vinnumarkaður*.

Úrtak launarannsóknar[17] er síðan valið úr staðgreiðslugögnum með eftirfarandi hætti:
Ríkið: Í launarannsókn Hagstofunnar eru allir starfsmenn sem fá greidd laun frá Fjársýslu ríkisins. Að auki eru í launarannsókn fyrirtæki í eigu hins opinbera sem falla undir hið opinbera þrátt fyrir að launagreiðslur þeirra fari ekki í gegnum Fjársýsluna.
Sveitarfélög: Sveitarfélögum er lagskipt eftir staðsetningu og stærð og er úrtak þeirra valið í launarannsókn. Í launarannsókn eru allir starfsmenn sem fá greidd laun frá viðkomandi sveitarfélagi, einnig þeir sem starfa hjá rekstrareiningum sveitarfélags sem falla í raun undir markaðsstarfsemi (t.d. veitur og hafnir), en þetta á við um þau sveitarfélög sem ekki hafa skilið þann rekstur frá öðrum grunnrekstri.
Almennur markaður: Úrtak rekstrareininga á almennum markaði byggir á lagskiptu klasaúrtaki sem er lagskipt eftir atvinnugreinadeildum (aðlagað að fjölda fyrirtækja í hverju lagi) og stærð. Stærðarflokkarnir eru þrír. Stór fyrirtæki eru þau fyrirtæki þar sem fjöldi launþega er meiri en heildarfjöldi einstaklinga í laginu deilt með fjölda úrtakseininga í laginu. Þannig geta ýmist verið ekkert, eitt eða fleiri stór fyrirtæki í lagi. Afganginum af fyrirtækjum er skipt í tvo stærðarflokka, lítil og miðlungsstór þannig að samdreifni (covariance) í hvorum hópi fyrir sig sé lágmörkuð. Þannig er ekki föst skilgreining á stærðarflokkum heldur tekur hún mið af samsetningu fyrirtækja innan hvers lags sem er nauðsynleg aðlögun vegna smæðar hins íslenska vinnumarkaðar. Að auki eru í úrtaki launarannsóknar stofnanir ríkisins sem koma með gögnum Fjársýslu ríkisins en teljast engu að síður til rekstrareininga á markaði.

4.1.2 Vogir

Þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða þarf að nota vogir við alla útreikninga og byggja þær á úrtakshönnun launarannsóknar. Ef það væri ekki gert fengju stórar rekstrareiningar of mikið vægi þannig að einungis væri hægt að draga ályktanir um laun einstaklinga sem vinna hjá stórum rekstrareiningum. Með því að nota umrædda vog er litlum rekstrareiningum gefið meira vægi og þannig tryggt að meðaltalið verði nær raunverulegu meðaltali þýðisins. Að auki tryggja vogirnar að vægi ríkis, sveitarfélaga og almenns markaðar sé rétt í útgáfum launatölfræðinnar.

Vogir eru endurnýjaðar árlega til að gefa sem réttasta mynd af stöðunni á hverjum tíma og er þá byggt á staðgreiðslugögnum næstliðins árs. Við útreikninga er stuðst við vog sem byggir á heildarlaunasummu í staðgreiðslugögnum. Þar sem tilgangur launatölfræði er að lýsa launum

[17] Úrtak launarannsóknar nær til eftirfarandi atvinnugreina árið 2018: Framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningur og geymsla (H), upplýsingar og fjarskipti (J), fjármála- og vátryggingastarfsemi (K), opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P) og heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q).

á vinnumarkaði er vogin byggð á launasummu en hún endurspeglar einnig ágætlega fjölda launþega samkvæmt staðgreiðslugögnum. Fylgst er með því að vogin endurspegli fjölda launþega í viðkomandi lagi og vogin aðlöguð þannig að viðunandi niðurstaða fáist ef það eru veruleg frávik. Önnur leið væri að nota fjölda fyrirtækja sem vog. Sú vog endurspeglar hins vegar illa fjölda launþega og launasummu í hverju úrtakslagi.

Þar sem að ríkisstofnanir eru ekki dregnar í úrtak af handahófi og gögnin eru nánast þýðisgögn fá allar rekstrareiningar sem koma frá Fjársýslu ríkisins vog 1. Það sama á við rekstrareiningar sem tilheyra hinu opinbera en koma ekki með gögnum Fjársýslunnar. Reykjavíkurborg fær vog 1 en önnur sveitarfélög fá vog miðað við launasummu í hverju lagi.

Stór fyrirtæki í hverri atvinnugrein eru sjálfvalin í úrtak og fá því vog 1, nema í þeim örfáu tilvikum þar sem vantar stórt fyrirtæki í úrtak og er þá vog hinna fyrirtækjanna aðlöguð að því. Miðlungs og lítil fyrirtæki fá vog miðað við launasummu fyrirtækja í viðkomandi lagi.

4.2 Tölfræði um meðallaun

Í launagögnum Hagstofunnar eru nákvæmar skráningarupplýsingar og mikið niðurbrot launa-upplýsinga sem gerir það kleift að reikna nokkur ólík launahugtök fyrir marga undirhópa. Reiknuð eru grunnlaun, regluleg laun, regluleg heildarlaun, heildarlaun og greiddar stundir. Tölfræði um meðallaun byggir á gagnasafni launarannsóknar sem getur tekið breytingum á milli ára og því hafa breytingar á launum, vinnumarkaði og úrtaki áhrif á niðurstöður. Þýðið eru allir launamenn 18 ára eða eldri sem starfa hjá fyrirtækjum, stofnunum eða sveitarfélögum með 10 eða fleiri starfsmenn (vegna undantekninga, sjá kafla 1.1 um úrtaksramma).

Árlega eru birt meðaltöl, miðgildi og fjórðungsmörk í eftirfarandi niðurbroti:

- Launþegahópur, starfsstétt, kyn og vinnutími
- Atvinnugrein, starfsstétt, kyn og vinnutími
- Starf og kyn

Þá eru birt tíundamörk, tíundastuðlar, fjórðungastuðlar og hlutföll undir meðaltali í eftirfarandi niðurbroti:

- Launþegahópur og starfsstétt
- Atvinnugrein og starfsstétt

4.2.1 Útreikningur

Við útreikninga á meðallaunum er byrjað á því að reikna meðallaun einstaklingsins á viðmiðunartímabilinu. Einstaklingur er sá sem fær laun hjá sama fyrirtæki og er í sömu atvinnugrein og sama starfi um lengri eða skemmri tíma, á viðkomandi ári.

Allar niðurstöður byggja á vegnum stærðum, en einstaklingurinn er bæði veginn með vog rekstrareiningarinnar (sjá umfjöllun um vogir í kafla 1.2) og með vog sem tekur tillit til fjölda mánaða sem sem hann vinnur á árinu. Með henni er meðaltal launa einstaklingsins fyrir árið

vegið með fjölda mánaða sem hann vinnur. Ef þetta væri ekki gert fengju starfsmenn sem vinna fáa mánuði á ári óeðlilega mikið vægi í ársmeðaltalinu miðað við þá sem vinna allt árið.

4.2.2 Launahugtök

Við útreikninga á launum sem taka mið af vinnuskyldu (grunnlaun og regluleg laun) er fyrst reiknað tímakaup og það síðan umreiknað í fullt starf. Þannig eiga grunnlaun og regluleg laun alltaf við um fullt starf hvort heldur um er að ræða hlutastarfsfólk eða fullvinnandi launafólk. Önnur launahugtök eru eingöngu reiknuð fyrir þá sem teljast fullvinnandi og eru ekki umreiknuð með sama hætti.

Fullvinnandi eru þeir sem fá greiddar að minnsta kosti 90% af þeim stundum sem eru skilgreindar sem fullt starf á viðmiðunartímabilinu. Þessi vinna getur verið í dagvinnu, vaktavinnu, eftirvinnu og uppmælingum. Vinnustundir í yfirvinnu telja ekki.

Grunnlaun eru greidd mánaðarlaun fyrir dagvinnu, grunndagvinnulaun, án allra aukagreiðslna.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur, svo sem föst yfirvinna, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum launum fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna s.s. orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna, ákvæðisgreiðslna og uppgjörs vegna uppmælinga. Við útreikninga er hvorki tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna.

Greiddar stundir eru deilitala reglulegra heildarlauna og heildarlauna. Þetta er samtala allra greiddra stunda einstaklingsins hvort sem er í dagvinnu, vaktavinnu, eftirvinnu, upp-mælingum, yfirvinnu eða veikindum.

Hafa ber í huga að einstaklingar geta verið á fastlaunasamningum sem felast í því að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Samningar af þessu tagi eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum. Við fastlaunasamninga taka greiddar stundir í flestum tilvikum mið af vinnuskyldu miðað við dagvinnu og því getur verið mikill munur á greiddum stundum og unnum stundum í þeim tilvikum.

4.2.3 Rannsókn á samsetningu launa (Structure of Earnings Survey – SES)

Rannsókn á samsetningu launa (SES) er framkvæmd á fjögurra ára fresti og var fyrsta viðmiðunarár hennar árið 2002. Síðustu gagnaskil í rannsóknina var árið 2016 fyrir árið 2014 og næsta viðmiðunarár er 2018 sem verður skilað um mitt ár 2020. Markmið rannsóknarinnar er að afla gagna um laun í löndum Evrópu til stefnumótunar og rannsókna. Rannsóknin gefur sundurliðaðar og samræmdar upplýsingar um laun og launasamsetningu í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki er framkvæmd sérstök rannsókn heldur byggja gagnaskil til Eurostat á launarannsókn Hagstofunnar.

Þýðið eru allir launamenn sem starfa hjá launagreiðendum með 10 eða fleiri starfsmenn á ársgrundvelli (vegna undantekninga, sjá kafla 1.1 um úrtaksramma). Rannsókninni er þannig ætlað að ná til vinnumarkaðarins í heild, þó eru undanskildar atvinnugreinarnar landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar (A), atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (U). Einnig er valkvætt að skila inn upplýsingum fyrir rekstrareiningar með færri en 10 starfsmenn.

Niðurstöður í heild sinni eru birtar á vef Eurostat og má þar meðal annars sjá árslaun, mánaðarlaun, tímakaup og greiddar stundir niður á atvinnugreinar, starfsstéttir, aldur og menntun.

Óleiðréttur launamunur kynjanna (Unadjusted gender pay gap – GPG), er byggt á gögnum úr rannsókninni (SES). Þar sem rannsóknin er einungis framkvæmd á fjögurra ára fresti er einnig skilað inn upplýsingum árlega um óleiðréttan launamun og eru þær niðurstöður bæði birtar á vef Hagstofunnar og Eurostat.

Útreikningar og launahugtök taka mið af aðferðum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 530/1999[18], og reglugerða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1916/2000[19] og 1738/2005[20].

4.3 Tölfræði um launaþróun

Hagstofan birtir tvenns konar vísitölur sem sýna þróun launa. Annars vegar launavísitölu og hins vegar vísitölu heildarlauna en þessar vísitölur sýna ólíka mynd af launaþróun. Launavísitala endurspeglar verðbreytingu á vinnustund þar sem reynt er eftir megni að halda samsetningu fastri á milli mælinga meðan vísitala heildarlauna sýnir launaþróun sem endurspeglar verðbreytingu vinnustundar, breytt hlutfall vinnuafls með há eða lág laun, breytt hlutfall yfirvinnustunda eða samspil þessara þátta.

Vísitala heildarlauna byggir þannig á öllum greiddum launum deilt með heildarfjölda greiddra stunda og tekur þannig tillit til yfirvinnu, kaupauka, eingreiðslna og annarra óreglulegra þátta sem eru ekki hluti af launavísitölu. Launavísitalan byggir á reglulegum launum og tekur því ekki tillit til tilfallandi yfirvinnu né óreglulegra greiðslna.

[18] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522763851542&uri=CELEX:31999R0530
[19] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764060928&uri=CELEX:32000R1916
[20] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764060928&uri=CELEX:32005R1738

4.3.1 Launavísitala[21]

Launavísitala Hagstofunnar byggir á lögum um launavísitölu nr. 89/1989[22]. Í lögunum er kveðið á um að mældar skuli breytingar allra launaþátta, ekki aðeins dagvinnulauna. Ekki er skilgreint nánar hvaða launaliði vísitölunni er ætlað að endurspegla breytingar á, en í greinargerð með lögunum er tekið fram að ekki sé ætlast til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi áhrif á launavísitöluna, nema ef um sé að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga. Hagstofan hefur því við framkvæmd mælinga stuðst við það sjónarmið löggjafans að um sé að ræða verðvísitölu þar sem vinnutíma og samsetningu hópsins sem liggur að baki útreikningum er haldið föstum á milli mælinga til að endurspegla launaþróun. Því er notast við launahugtakið reglulegt tímakaup í útreikningum launavísitölu.

Launavísitala byggir á gagnasafni launarannsóknar Hagstofunnar. Þýðið eru allir launamenn 18 ára eða eldri sem starfa hjá fyrirtækjum, stofnunum eða sveitarfélögum með 10 eða fleiri starfsmenn (vegna undantekninga, sjá kafla 1.1 um úrtaksramma).

Einungis er lögbundið að birta mánaðarlega heildarvísitölu og er hún birt mánaðarlega rúmlega 20 dögum eftir að viðmiðunarmánuður lýkur. Sundurliðun er birt fyrir launavísitölu til að mæta þörfum notenda í eftirfarandi mánaðarlegu og ársfjórðungslegu niðurbroti:

- Launþegahópum
- Stjórnsýslustig fyrir opinbera geirann
- Starfsstéttir á almennum vinnumarkaði
- Atvinnugreinar á almennum vinnumarkaði

4.3.1.1 Útreikningur

Útreikningur launavísitölu byggir á tveimur meginaðferðum eftir því hvort um er að ræða útreikning á verðbreytingum í grunni eða í efra lagi þar sem grunnbreytingar eru vegnar saman. Í grunni er beitt svokallað Törnqvist aðferð við mat á launabreytingum á milli mánaða, þar sem reiknaðar eru paraðar breytingar reglulegra launa á milli tveggja samliggjandi mánaða miðað við fasta einingu ráðningarsambands (launagreiðandi, launamaður, starf og atvinnugrein). Í grunni eru því einungis reiknaðar breytingar á reglulegu tímakaupi hjá þeim einstaklingum sem eru í óbreyttu ráðningarsambandi á milli viðmiðunartímabila, það er að segja í sama starfi, hjá sama launagreiðanda og í sömu atvinnugrein í tveimur samliggjandi mánuðum. Við útreikning í efra lagi, þar sem grunnliðir eru vegnir saman, er notast við keðjutengda Laspeyres fastgrunnsvísitölu.

Regluleg laun á mánuði í hverju ráðningasambandi ákvarða þá vog sem notuð er til að vega breytinguna innan viðkomandi starfasellu. Það þýðir að vægi einstakra launabreytinga í útreikningi ræðst af vægi reglulegra launa í hverju ráðningasambandi af heildarsummu reglulegra launa í starfasellu. Tekið er tillit til úrtakshönnunar við útreikning á

---

[21] Sjá nánari umfjöllun í greinagerð um aðferðafræði launavísitölu frá ágúst 2018, https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/laun-og-tekjur/greinargerd-um-adferdafraedi-launavisitolu/

[22] https://www.althingi.is/lagas/nuna/1989089.html

grunnbreytingum þannig að við útreikning eru regluleg laun vegin með úrtaksvog (sjá umfjöllun um vogir í kafla 1.2). Launasummuvog hverrar sellu (starfsstétt og atvinnugrein) á almennum markaði byggir á launasummu atvinnugreinar í staðgreiðslugögnum og launasummu starfsstéttar í gögnum launarannsóknar. Hjá opinberum starfsmönnum byggir vog sellunnar (samtök stéttarfélaga) á launasummu í launarannsókn. Selluvogirnar eru ákvarðaðar árlega. Launasummuvog launþegahópa byggir á heildarlaunasummu staðgreiðslugagna að meðtöldum launagreiðendum með færri en 10 starfsmenn. Vogir eru ákvarðaðar árlega.

4.3.1.2 Launahugtök

Launavísitala byggir á reglulegu tímakaupi sem eru regluleg laun deilt með **greiddum stundum.**

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur, svo sem föst yfirvinna, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.

Greiddar stundir eru samtala allra vinnustunda í dagvinnu, vaktavinnu og eftirvinnu.

4.3.2 Vísitala heildarlauna

Vísitala heildarlauna er vísitala sem kom út um mitt ár 2018 og miðar að aukinni upplýsingagjöf um íslenskan vinnumarkað. Vísitala heildarlauna byggir á öllum greiddum launum deilt með heildarfjölda greiddra stunda og sýnir launaþróun sem endurspeglar verðbreytingu vinnustundar, breytt hlutfall vinnuafls með há eða lág laun, breytt hlutfall yfirvinnustunda eða samspil þessara þátta.

Vísitala heildarlauna byggir í grunninn á staðgreiðslugögnum og er því byggð á heildarsafni en ekki úrtaki. Heildarlaun eru öll staðgreiðsluskyld laun en greiddar stundir eru fengnar með fjölþættu tölfræðilegu mati og byggja á ýmsum gögnum. Helsta heimildin er launarannsókn Hagstofunnar en einnig er notast við aðrar heimildir eins og vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, framtalsgögn einstaklinga og lögaðila, launamiðagögn, lögskráningargögn og menntaupplýsingar. Þýðið eru allir launamenn í staðgreiðslugögnum sem fengu greidd laun frá launagreiðendum með 10 eða fleiri starfsmenn. Undanskildar eru atvinnugreinarnar fiskveiðar og landbúnaður (A), atvinnurekstur innan heimilis til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og félagasamtaka með úrlendisrétt (U).

Vísitala heildarlauna er gefin út ársfjórðungslega niður á atvinnugrein og launþegahópa og ná niðurstöður aftur til ársins 2008. Um er að ræða bráðabirgðatölur sem eru endurskoðaðar ársfjórðungslega og eru hluti af niðurstöðum þróunarverkefnis sem Hagstofan hefur unnið að síðustu misseri þar sem útreikningar byggja á hagnýtingu fjölbreyttra gagna.

4.3.2.1 Útreikningur

Grunnár vísitölunnar er meðaltal ársins 2012 og breytist grunnárið fjórða hvert ár til samræmis við aðferðir Labour Cost Index þar sem vísitala heildarlauna tekur mið af aðferðum Labour Cost Index (sjá nánari umfjöllun í kafla 4.2). Vísitala heildarlauna er sambærileg við launaþátt Labour Cost Index að því undanskildu að byggt er á greiddum stundum í stað unninna, auk þess sem greiðslur vegna veikinda eru taldar til launa í stað launatengdra gjalda í Labour Cost Index.

Heildarlaun eru samtala allra staðgreiðsluskyldra launa einstaklinga fengin úr staðgreiðslugögnum. Til staðgreiðsluskyldra launa teljast, auk hvers konar endurgjalds fyrir vinnu, ökutækjastyrkir, hlunnindi, flutningspeningar, ferðapeningar, dagpeningar og aðrar starfstengdar greiðslur, aðrar en þær sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt reglugerð 591/1987[23].

Heildarfjöldi greiddra stunda er samtala allra vinnustunda svo sem stundir í dagvinnu, vaktavinnu, eftirvinnu, uppmælingum, yfirvinnu og veikindastundir. Um er að ræða mat á greiddum vinnustundum þar sem notast er við fjölþætt tölfræðilegt mat byggt á ýmsum heimildum miðað við einkenni einstaklinga, rekstrareininga og starfa. Notast er við fjölda líkana sem eru samþætt og metin út frá launarannsókn þar sem vinnslan er forunnin, aðlöguð og eftiráunnin til að tryggja að hver hópur færslna samræmist tilteknum forsendum um innbyrðis samræmi og samræmi miðað við aðrar heimildir sem eru einnig notaðar. Matið er svo heimfært á skráargögn sem ná yfir þýðið.

Sambærilegt mat á greiddum stundum er notað í tölfræði Hagstofu um vinnumagn og framleiðni vinnuafls, að því undanskyldu að í tölfræði um vinnumagn og framleiðni vinnuafls er notast við unnar stundir í stað greiddra, en í matsferlinu felst að fyrst eru reiknaðar greiddar stundir og út frá þeim eru unnar stundir metnar.

Engir útreikningar eru gerðir sem tengjast vogum þar sem um er að ræða heildarsafn.

4.3.2.2 Launahugtök

Vísitala heildarlauna byggir á **heildarlaunum** deilt **með heildarfjölda greiddra stunda**.

Heildarlaun: Heildarlaun eru samtala allra staðgreiðsluskyldra launa einstaklinga.

Heildarfjöldi greiddra stunda: Heildarfjöldi greiddra stunda er samtala allra vinnustunda svo sem stundir í dagvinnu, vaktavinnu, eftirvinnu, uppmælingum, yfirvinnu og veikindastundir. Þær eru metnar út frá fjölþættu tölfræðilegu mati.

---

[23] https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=591.1987.0

4.4 Tölfræði um launakostnað

Fjórða hvert ár er framkvæmd samevrópsk rannsókn um launakostnað og samsetningu hans, Labour Cost Survey (LCS). Þá gefur Eurostat ársfjórðungslega út launakostnaðarvísitölu, Labour Cost Index (LCI) sem er mat á þróun launakostnaðar á milli LCS rannsókna og árlega er gefið út áætlað einingarverð launakostnaðar, Labour cost levels (LCL).

Tölfræði um launakostnað sem Hagstofa gefur út innanlands byggir í grunninn á samræmdri aðferðafræði og sem notuð er í samstarfsverkefnum Eurostat. Síðustu misseri hefur Hagstofan unnið að þróunarvinnu í launakostnaðartölfræðinni með það að markmiði að nýta stjórnsýslugögn með úrtaksgögnum svo gögnin nái til vinnumarkaðarins í heild sinni. Fyrstu niðurstöður sem byggja á þeirri þróunarvinnu voru sendar til Eurostat árið 2018. Stefnt er að því að hefja reglulega birtingu innanlands um árlegt einingarverð launakostnaðar (LCL) og ársfjórðungslega vísitölu launakostnaðar (LCI) á árinu 2019.

Nánari upplýsingar um launakostnað á vef Eurostat: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Wages_and_labour_costs

4.4.1 Rannsókn á launakostnaði og samsetningu hans (Labout Cost Survey – LCS)

Rannsókn á launakostnaði (LCS) er framkvæmd á fjögurra ára fresti og er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um launakostnað og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Við greiningu á samsetningu launakostnaðar er til dæmis lagt mat á hlutfall veikinda og bornar saman greiddar stundir og unnar stundir. Í rannsókninni er jafnframt safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma.

Nýjasta viðmiðunarár rannsóknarinnar var 2016 og þeim gögnum skilað um mitt ár 2018. Ísland skilaði fyrst inn niðurstöðum í rannsóknina árið 2000, þá einungis fyrir nokkrar atvinnugreinar á almennum vinnumarkaði. Frá árinu 2008 hafa gögn náð til stærsta hluta þeirra atvinnugreina sem rannsókninni er ætlað að ná til. Upplýsingar um heildarsummu launakostnaðar byggja á staðgreiðslugögnum en niðurbrot á samsetningu launakostnaðar og vinnutíma byggir á launarannsókn. Þýðið er launagreiðendur með 10 eða fleiri starfsmenn á ársgrundvelli (vegna undantekninga, sjá kafla 1.1 um úrtaksramma). Undanskildar eru atvinnugreinarnar fiskveiðar og landbúnaður (A), atvinnurekstur innan heimilis til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og félagasamtaka með úrlendisrétt (U).

Niðurstöður eru birtar eftir atvinnugrein og stærð fyrirtækja, bæði í mynt hvers lands og reiknaðar í Evrur á meðalgengi hvers árs á vef Eurostat. Auk þess eru niðurstöður umreiknaðar á jafnvirðisgildi (PPS). LCS niðurstöður eru birtar í heild sinni á vef Eurostat en valdar niðurstöður um launakostnað á Íslandi hafa verið birtar á vef Hagstofu Íslands.

Útreikningar og launahugtök taka mið af aðferðum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 530/1999[24], og reglugerða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1726/1999[25] og 1737/2005[26].

4.4.2 Vísitala launakostnaðar (Labour Cost Index – LCI)

Vísitölu launakostnaðar er ætlað að lýsa breytingum á einingarverði heildarlaunakostnaðar (TOT), heildarlauna (WAG) og annars launakostnaðar en heildarlauna (OTH). Í reglugerð er einnig kveðið á um breytingu á einingarverði heildarlaunakostnaðar án óreglulegra greiðslna, sem nú er valkvæð breyta. Markmið vísitölunnar er útgáfa á tímanlegri samræmdri vísitölu sem gefur vísbendingu um þróun launakostnaðar á Evrópska efnahagssvæðinu og möguleika á samanburði milli einstakra landa.

Vísitalan er reiknuð ársfjórðungslega og er gögnum skilað um 70 dögum eftir lok ársfjórðungs og birt á vef Evrópusambandsins skömmu seinna. Íslenska tímaröðin á vef Eurostat nær aftur til ársins 2008 fyrir allar atvinnugreinar og stefnt er að því að vinna tölur lengra aftur í tímann. Um er að ræða bráðabirgðatölur sem eru endurskoðaðar ársfjórðungslega sem eru hluti af niðurstöðum þróunarverkefnis sem Hagstofan hefur unnið að síðustu misseri þar sem útreikningar byggja á hagnýtingu fjölbreyttra gagna. Í tímaröðinni er leiðrétt fyrir fjölda virkra daga (Working-day adjusted) og Hagstofan stefnir að því að gera einnig árstíðaleiðrétta vísitölu launakostnaðar (seasonal adjusted).

Vísitala launakostnaðar er reiknuð sem samtala launakostnaðar deilt með heildarfjölda unninna stunda og er ætlað að sýna breytingar launakostnaðar á vinnustund. Um er að ræða vísitölu þar sem er ekki leiðrétt fyrir breytingum í samsetningu vinnuafls eða vinnustunda. Grunnár vísitölunnar er meðaltal ársins 2012 og breytist grunnárið fjórða hvert ár, þ.e.a.s. grunnári er breytt í samræmi við niðurstöður úr rannsókn á launakostnaði og samsetningu hans (LCS).

Launaupplýsingar vísitölu launakostnaðar byggja á staðgreiðslugögnum. Vinnustundir eru allar unnar stundir og fengnar með fjölþættu tölfræðilegu mati sem byggja á ýmsum gögnum þar sem helsta heimildin er launarannsókn Hagstofunnar en einnig er notast við aðrar heimildir eins og vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, framtalsgögn einstaklinga og lögaðila, launamiðagögn, lögskráningargögn og menntaupplýsingar. Annar launakostnaður en laun er metinn út frá launarannsókn, skattframtölum fyrirtækja og fleiri heimildum. Þýðið er launagreiðendur með 10 eða fleiri starfsmenn á ársgrundvelli. Undanskildar eru atvinnugreinarnar fiskveiðar og landbúnaður (A), atvinnurekstur innan heimilis til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og félagasamtaka með úrlendisrétt (U).

---

[24] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522763851542&uri=CELEX:31999R0530
[25] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764011836&uri=CELEX:31999R1726
[26] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764030705&uri=CELEX:32005R1737

Engir útreikningar eru gerðir sem tengjast vogum þar sem um er að ræða heildarsafn en Hagstofan sendir hlutdeild launakostnaðar hverrar atvinnugreinar af heildarlaunakostnaði alls til Eurostat, svo hægt sé að vega niðurstöður ólíkra landa í heildartölu.

Útreikningar og launahugtök taka mið af aðferðum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 450/2003[27] og reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1216/2003[28].

4.4.3 Einingaverð launakostnaðar (Labour Cost Levels – LCL)

Einingarverð launakostnaðar (LCL) er áætlaður launakostnaður niður á unna stund eftir atvinnugreinum. Einingarverð launakostnaðar er reiknað á sambærilegan hátt og einingarverð launakostnaðar sem liggur til grundvallar vísitölu launakostnaðar (LCI) en vísitalan er reiknuð sem samtala launakostnaðar deilt með heildarfjölda unninna stunda (sjá kafla 4.2 um vísitölu launakostnaðar).

Einingarverði launakostnaðar er skilað árlega til Eurostat um 60 dögum eftir að viðmiðunarári lýkur. Lönd í Evrópu eru almennt ekki að skila sérstaklega inn upplýsingum til Eurostat um árlegt einingarverð launakostnaðar. Algengast er að Eurostat noti nýjustu tölur landanna úr rannsókn á launakostnaði og samsetningu hans (LCS) og framreikni með vísitölu launakostnaðar (LCI) til að áætla árlegt einingarverð launakostnaðar (LCL). Oftast má það rekja til þess að nákvæm gögn liggja ekki fyrir hjá löndunum milli rannsóknarára en rannsókn á launakostnaði og samsetningu hans (LCS) er framkvæmd á fjögurra ára fresti (sjá kafla 4.1 um rannsóknina). Á Íslandi er hins vegar ekki framkvæmd sérstök könnun til að skila inn niðurstöðum í LCL þar sem niðurstöður byggja á fyrirliggjandi gögnum sem eru notuð almennt í launatölfræði svo sem staðgreiðslugögnum og launagögnum og því er ekki um framreikning að ræða.

Niðurstöður árlegs einingarverðs launakostnaðar eru birtar á vef Eurostat og nær íslenska tímaröðin aftur til ársins 2008 fyrir allar atvinnugreinar, bæði í mynt hvers lands auk þess að vera reiknað yfir í evrur á meðalgengi hvers árs.

---

[27] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522761696205&uri=CELEX:32003R0450
[28] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522761727538&uri=CELEX:32003R1216

Viðauki - Evrópskar reglugerðir í launatölfræði sem eru í gildi

1. Labour Cost Survey og Structure of Earnings Survey:

Council Regulation (EC) No 530/1999 concerning structural statistics on earnings and labour costs.
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522763851542&uri=CELEX:31999R0530
Commission Regulation (EC) 698/2006 implementing Council Regulation (EC) 530/1999 as regards quality evaluation of structural statistics on labour costs and earnings
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522762581061&uri=CELEX:32006R0698
Regulation (EC) No 1893/2006 of the European Parliament and of the Council establishing the statistical classification of economic activities NACE Revision 2.
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522763964912&uri=CELEX:32006R1893
Commission Regulation (EC) No 973/2007 amending certain EC regulations on specific statistical domains implementing the statistical classification of economic activities NACE Revision 2
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522763911475&uri=CELEX:32007R0973

2. Labour Cost Survey:

Commission Regulation (EC) No 1726/1999 implementing council regulation (EC) 530/1999 concerning structural statistics on earnings and labour costs as regards the definition and transmission of information on labour costs.
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764011836&uri=CELEX:31999R1726
Commission Regulation (EC) No 1737/2005 amending Regulation (EC) 1726/1999 as regards the definition and transmission of information on labour costs
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764030705&uri=CELEX:32005R1737

3. Structure of Earnings Survey:

Commission Regulation (EC) No 1916/2000 on implementing council Regulation (EC) No 530/1999 concerning structural statistics on earnings and on labour costs as regards the definition and transmission of information on structure of earnings
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764060928&uri=CELEX:32000R1916
Commission Regulation (EC) No 1738/2005 amending Regulation (EC) 1916/2000 as regards the definition and transmission of information on the structure of earnings

https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764060928&uri=CELEX:32005R1738
Commission Regulation (EC) No 1022/2009 amending Regulation (EC) 1738/2206 as regards the International Standards Classification of Occupations (ISCO)
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522764130109&uri=CELEX:32009R1022
Commission Regulation (EU) No 317/2013 amending the Annexes to Regulation (EC) 1738/2008 as regards to the International Standard Classification of Education
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A31999R0530

4. Labour Cost Index:

Regulation (EC) No 450/2003 of the European Parliament and of the council concerning labour cost index.
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522761696205&uri=CELEX:32003R0450
Commission Regulation (EC) No 1216/2003 implementing Regulation No 450/2003 of the European Parliament and of the Council concerning the labour cost index
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522761727538&uri=CELEX:32003R1216
Commission Regulation (EC) 224/2007 amending Regulation (EC) 1216/2003 as regards the economic activities covered by the labour cost index.
https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1522761887371&uri=CELEX:32007R0224

Hagtíðindi
Statistical Series
104 árg. • 6. tbl.
ISSN 1670-4770

Greinargerð
Working papers
5. apríl 2019
Umsjón: Margrét Kristín Indriðadóttir • Margret.Indridadottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.
Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099